



Reykjavík, 24. júní 2024

MSS23010279

Borgarstjórn

Breyting á samþykkt öldungaráðs

Á fundi öldungaráðs þann 20. júní 2024, var lagt fram meðfylgjandi bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. júní 2024, um breytingar á samþykkt öldungaráðs.

Jafnframt var lagt fram að nýju svar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis dags. 8. apríl 2024, við fyrirspurn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 14. mars s.l. vegna túlkunar á 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7.gr. laga um málefni aldraðra, sbr. 2. lið fundargerðar öldungaráðs frá 20. júní 2024.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu lögðu fram svohljóðandi bókun:

Öldungaráð er formlegur vettvangur samráðs og hagsmunagæslu fyrir eldra fólk í borginni samkvæmt 7. gr laga um málefni aldraða og 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í lögnum kemur fram að öldungaráð skuli skipað að lágmarki þremur fulltrúum tilnefndum af félagi eldri borgara, án þess að kveða á um hvernig skuli bregðast við ef fleiri en eitt félag gætir hagsmuna eldra fólks er starfar í sveitarfélaginu. Samkvæmt álitum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis skilgreina löggin ekki sérstaklega hvaða félag skuli eiga sæti í ráðinu, einungs að það skuli vera að lágmarki þrjú fulltrúar frá félögum eldri borgara í sveitarfélaginu. Reykjavíkurborg vill tryggja aðkomu fjölbreytts hóps eldra fólks, gæta jafnræðis á milli hagaðila og er því talið brýnt að raddir sem flestra félaga eldra fólks í borginni heyrist á vettvangi ráðsins. Því er talið mikilvægt að að þrjú félög taki sæti í ráðinu í stað eins félags eins og fyrirhugað er samkvæmt drögum af nýrri samþykkt öldungaráðs.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi gagnbókun:

Í þessari bókun er vísað til álits tveggja embættismanna félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Ekki verður séð að báðir þeir embættismenn séu lögfræðimenntaðir. Sá takmarkaði rökstuðningur sem fram kemur í því álitum ber því einnig merkis.

Fulltrúar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áformum borgaryfirvalda að fækka fulltrúum Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, FEB í ráðinu úr þremur í einn er harðlega mótmælt, enda samræmast þau ekki 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1.



Reykjavík



mgr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Í öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Þegar skoðað er hvaða reglur gilda um val fulltrúa í öldungaráð, þá ber að skoða hvað felst í lögnum. Miðað er við talsmann eldri borgara í hverju sveitarfélagi fyrir sig og í Reykjavík er það óumdeilt að FEB fer með það hlutverk. Samhliða þarf að skoða með hvaða hætti fulltrúar í öldungaráði hafa verið valdir til þessa. Sú skoðun leiðir í ljós að það er FEB sem hefur verið ótvíræður talsmaður eldri borgara í Reykjavík. Frávik frá þessu, með því að fela aðilum, sem aldrei hafa verið í hagsmunabaráttu fyrir eldra fólk, er þegar af þeim ástæðum sem að framan eru nefndar fráleitir og ólöglegar. Hægt er að leysa málið með því að fjölga fulltrúum í ráðinu í stað þess að fækka fulltrúum FEB.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Drög að breytingum á samþykktum öldungaráðs ganga í berhögg við 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga 40/1991 og 1. mgr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 en bæði þessi lagaákvæði mæla fyrir um hvernig eigi að skipa öldungaráð í sveitarfélagi og hver hafi rétt til að tilnefna í ráðið. Ákvæðin gera ráð fyrir að það sé eitt félag eldri borgara í sveitarfélagi sem tilnefni að lágmarki þrjú fulltrúa í öldungaráð. Séu hins vegar tvö eða fleiri sveitarfélög í samstarfi um að starfrækja öldungaráð, skulu félög eldri borgara „á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu öldungaráðs“. Þegar reglur eru bornar saman, annars vegar þegar eitt sveitarfélag rekur öldungaráð, og hins vegar þegar tvö eða fleiri starfrækja slíkt ráð, er augljóst að það er eingöngu eitt félag eldri borgara sem tilnefnir að lágmarki þrjú fulltrúa í öldungaráð þegar eitt sveitarfélag starfrækir slíkt ráð. Þessi skipan samræmist því að Landssamband eldri borgara hefur félög innan sinna raða sem eru svæðisbundin. Félagið í Reykjavík er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni og hingað til hefur það tilnefnt fulltrúa í öldungaráð Reykjavíkur. Óheimilt er að breyta því nema að lögum sé breytt. Lítt rökstutt álit embættismanna haggar ekki lagabókstafnum.

Fulltrúar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) er aðili að Landssambandi eldri borgara (LEB). LEB var stofnað 19. júní 1989 og er í dag með 55 aðildarfélög. Þá þegar voru starfandi félög eldri borgara í mörgum sveitarfélögum. Markmið með stofnun var að vinna að almennum hagsmunum félaganna, en þó skyldi eigi vera fleiri en eitt félag í hverju sveitarfélagi aðili að LEB. Á þessum tíma voru starfandi tvö félög í Reykjavík, Samtök aldraðra og FEB. Kosið var um það á stofnfundinum hvort þeirra skyldi starfa innan LEB og varð niðurstaðan sú að FEB skyldi vera það félag. Það er því óumdeilt hvert hlutverk FEB er. LEB sinnir fyrir aðildarfélögin samvinnu við Alþingi, ríkisstjórnina, opinberar stofnanir og fleiri aðila um málefni eldri borgara í landinu. LEB hefur komið að gerð og endurbótum laga eins og t.d. lögum um málefni aldraðra og þar er einmitt að finna lög um öldungaráð. Öldungaráðin eru tilkomin fyrir tilstuðlan LEB, en fyrirmyndin kemur frá Norðurlöndunum. Lögin um öldungaráðin komu inn í íslensk lög árið 2018 og eru eldri borgurum mikilvæg. Á haustdögum mun fara fram málþing á vegum LEB um öldungaráðin og mikilvægi þeirra.





Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins lagði fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins þakkar fyrir þær gagnlegu skýringar sem fram koma í gagnbókun fulltrúa Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni.

Óskað er eftir að breyting á samþykkt öldungaráðs sem fram kemur í bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. júní 2024, verði tekin til afgreiðslu á fundi borgarstjórnar.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:

Bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. júní 2024

Fyrirspurn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 14. mars 2024

Svar félags- og vinnumarkaðsráðuneytis dags. 8. apríl 2024



Reykjavík



Forsætisnefnd

Reykjavík, 12. júní 2024
MSS23010279

Samþykkt öldungaráðs - breyting

Í gildandi samþykkt öldungaráðs kemur eftirfarandi fram í 5. gr. varðandi skipan ráðsins:

Öldungaráðið er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að vísa svohljóðandi breytingu á samþykktinni til borgarstjórnar:

Öldungaráðið er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, Samtök aldraðra tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara, U3A Reykjavík tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Greinargerð

Í lögum um málefni aldraðra kemur fram að í öldungaráði skuli m.a. sitja þrjár fulltrúar sem tilnefndir eru af félagi eldri borgara án nánari skilgreiningar. Lagaskyldan nær því til þess að það skulu vera að lágmarki þrjár fulltrúar félaga sem gæta hagsmuna eldra fólks í sveitarfélaginu. Nauðsynlegt er talið að tryggja aðkomu fleiri félagasamtaka sem annast hagsmunagæslu fyrir eldra fólk við borð öldungaráðs og er því lagt til að samþykkt ráðsins verði breytt á þann hátt að Samtök aldraðra og félagið U3A, háskóli þriðja æviskeiðisins skipi tvo fulltrúa af þremur en Félag eldri borgara skipar þann þriðja.

Tillagan hefur verið kynnt á fundi öldungaráðs.

Virðingarfyllt,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2024

MSS24030081

Viðtakandi: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

Fyrirspurn vegna túlkunar á 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sinnir eftirfylgni með lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar sem miðar að því að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og formgera enn frekar möguleika íbúa til þess að hafa áhrif á málefni sem þá varða. Reykjavíkurborg leggur metnað í að sinna lögbundnu samráði með sem allra bestum hætti og hefur fundið því farveg á hverju málasviði eins og við á hverju sinni.

Öldungaráð er vettvangur samráðs við borgarbúa sem eru 67 ára og eldri og fer með verkefni samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Í 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra er gert ráð fyrir að í öldungaráði sitji þrjár fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara. Löggin gera ekki frekari grein fyrir því hvort að félög eldri borgara þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði (t.d. varðandi hlutverk, aðild að félaginu eða stjórnskipan) til að geta tilnefnt fulltrúa í ráðið eða hvernig bregðast skuli við ef að fleiri en eitt félag eldri borgara er starfandi í sveitarfélaginu og sýnir áhuga á að tilnefna fulltrúa í öldungaráðið.

Í Reykjavík er starfandi félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, en auk þess tvö önnur félög sem gæta hagsmuna aldraðra á einn eða annan hátt: Byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra og Korpúlfar félag eldri borgara í Grafarvogi. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni hefur tilnefnt þrjá fulltrúa til setu í öldungaráði Reykjavíkurborgar til samræmis við 7. gr. laga um málefni aldraðra og 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ber að skilja umrædd lagaákvæði þannig að það sé lagaskylda að gera ráð fyrir þremur fulltrúum frá þessu tiltekna félagi eða er Reykjavíkurborg heimilt að gefa fleiri samtökum eldri borgara færi á að taka eitt eða fleiri sæti af þessum þremur?

Það væri gagnlegt að fá upplýsingar frá ráðuneytinu varðandi túlkun þessara ákvæða.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elsa Tryggvadóttir

lögfræðingur

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur



Dagsetning
Málsnúmer

8. apríl 2024
FRN24030073

Reykjavíkurborg
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
b/t Guðrúnar Elsu Tryggvadóttur
gudrun.elsa.tryggvadottir@reykjavik.is

Efni: Svar við fyrirspurn, dags. 14. mars 2024, um túlkun á 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga um málefni aldraðra.

Spurt er hvort beri að skilja umrædd lagaákvæði þannig að það sé lagaskylda að gera ráð fyrir þremur fulltrúum frá einu tilteknu félagi eða hvort Reykjavíkurborg sé heimilt að gefa fleiri samtökum eldri borgara færi á að taka eitt eða fleiri sæti af þessum þremur.

Í 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra segir að í öldungaráði skuli að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn og þrjú fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.

Ákvæðin gera ráð fyrir að fjöldi fulltrúa félaga eldri borgara og sveitarstjórna skuli að lágmarki vera þrjú. Sveitarstjórnir hafa því í hendi sér þann fjölda fulltrúa félaga eldri borgara sem skipa ráðið hverju sinni. Lögin skilgreina ekki sérstaklega hvaða félag eldri borgara um ræðir, eingöngu að það skuli vera að lágmarki þrjú fulltrúar frá félagi eldri borgara í sveitarfélaginu.

F.h. ráðherra


Jóna Guðný Eyjólfsson
skrifstofustjóri


Birna Sigurðardóttir
sérfræðingur